

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. apríl 2014
Tilvísun: UST20140400152/sf

Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða losun og móttöku úrgangs frá skipum, 376. mál - umsögn

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, sem barst Umhverfisstofnun með tölvupósti þann 9. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða losun og móttöku úrgangs frá skipum (EES reglur).

Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

1. gr.

Skilgreiningar

Að mati Umhverfisstofnunar er skilgreiningin á mengandi efnum í frumvarpinu of þröng þar sem lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda taka til mun fleiri mengandi efna en viðaukar I og II við MARPOL gilda um. Einnig stangast skilgreiningin á við skilgreiningu á mengun í lögnum, sbr. 9. tl. 3. gr. laga nr. 33/2004 sem vísað er til í b-lið 2. gr. frumvarpsins. Umhverfisstofnun leggur því til að í stað skilgreiningar á mengandi efnum verði skilgreiningu á mengun í núgildandi lögum breytt með eftirfarandi hætti:

„Mengun: Þegar örverur, efni og efnasambönd, **þ.m.t. efni sem falla undir I. og II. viðauka við MARPOL**, og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.“

4. gr.

Eftirlit (11. gr. d.)

„Umhverfisstofnun gerir úttekt á a.m.k. fimm ára fresti á því hvort aðstaða í höfnum fyrir móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum sé í samræmi við samþykktu áætlun hafnar.“

Að mati Umhverfisstofnunar færi betur á því að gera ráð fyrir eftirliti með aðstöðu í höfnum fyrir móttöku úrgangs og farmleifa á a.m.k. þriggja ára fresti. Í því sambandi er litið til þess að endurskoða þarf áætlanir hafna um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa á þriggja ára fresti og eftir meiri háttar breytingar á rekstri hafnarinnar, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 792/2004 um móttöku á úrgangi frá skipum og 5. gr. tilskipunar 2000/59/EB.

Umhverfisstofnun leggur til að byrjun 2. mgr. 11. gr. d orðist svo:

„Umhverfisstofnun gerir úttekt á a.m.k. **þriggja** áru fresti á því hvort aðstaða í höfnum fyrir móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum sé í samræmi við samþykkt áætlun hafnar.“

5. gr.

Umhverfisstofnun telur að orðalag megi vera skýrara í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins þar sem um er að ræða tvenns konar upplýsingar sem hafnaryfirvöld eiga að veita stofnuninni. Annars vegar samantekt á þeim tilkynningum um úrgang og farmleifar sem hafnaryfirvöldum bárust árið á undan og hins vegar upplýsingum um raunverulegt magn úrgangs sem barst til hafnarinnar. Umhverfisstofnun leggur því til að 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins orðist svo:

„Hafnaryfirvöld skulu sjá til þess að viðeigandi upplýsingar berist Umhverfisstofnun, svo sem **samantekt átilkynningum** um úrgang og farmleifar auk yfirlits yfir magn og tegund þess úrgangs **sem skilað hefur verið**. Samantekt á framangreindum upplýsingum skal skilað til Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert.“

Umhverfisstofnun vekur athygli á að miðað við það verklag sem er í dag berast tilkynningar um úrgang og farmleifar í gegnum rafrænt tilkynningakerfi skipa. Þetta þýðir að öll skip þurfa að skila inn tilkynningu. Þau skip sem eru í áætlunarsiglingum og hafa fengið undanþágu frá afhendingu úrgangs, sbr. tillögu að nýrri 11. gr. a í frumvarpinu, þurfa þó eingöngu að staðfesta að þau ætli ekki að skila úrgangi í land. Þar af leiðandi leggur Umhverfisstofnun til að fyrri setning 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins verði tekin út þar sem undanþáguheimild fyrir afhendingu úrgangs er í nýrri 11. gr. a. Síðasta mgr. 5. gr. orðast þá svo:

„Skylða til að skila tilkynningu skv. 1. mgr. á ekki við um herskip, hjálparskip í flota eða önnur skip í ríkiseign eða ríkisrekstri sem um stundarsakir eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en viðskipta.“

8. gr. frumvarpsins

Breyting á hafnalögum

Umhverfisstofnun gerir ekki efnislegar athugaemdir við 8. gr. frumvarpsins en vekur athygli á að áætlanir hafna um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa og eftirlit stofnunarinnar taka til alls úrgangs sem kemur í land, óháð því frá hvers konar skipi úrgangurinn kemur. Þetta er í samræmi við athugasemdir ESA um að tryggja verði eftirlit með því að öll skip, einnig fiskiskip og skemmtibátar, skili úrgangi í land. Umhverfisstofnun mun innheimta gjald í samræmi við kostnað við slíkt eftirlit.

10. gr.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að hafnaryfirvöld þurfa tíma til að koma á nýju verklagi í samræmi við ákvæði frumvarpsins og telur stofnunin því rétt að taka tillit til þess varðandi tímasetningu á gildistöku þessara laga.

Kostnaðarmat

Í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytis um frumvarpið, sem er fylgiskjal með því, segir meðal annars:


„Kostnaður vegna móttöku tilkynninga um úrgang og farmleifar á ekki að aukast þar sem Umhverfisstofnun hefur frá árinu 2012 haft umsjón með rafrænu tilkynningakerfi þar sem skip sem koma inn í lögsögu landsins tilkynna með rafrænum hætti um úrgang og farmleifar.“


Umhverfisstofnun vekur athygli á að stofnunin hefur ekki umsjón með rafrænu kerfi fyrir

tilkynningar skipa um komur til hafna (SafeSeaNet). Það kerfi er í umsjón Samgöngustofu og Vaktstöðvar siglinga. Væntanlega er hér verið að vísa til þess að tilkynningar um úrgang og farmleifar hafa frá því í mars 2012 borist til hafna í gegnum rafræna tilkynningakerfið en því fyrirkomulagi var komið upp þegar unnið var að úrbótum í samræmi við athugasemdir ESA varðandi innleiðingu tilskipunar 2000/59/EB. Auk viðkomandi hafnaryfirvalda hefur hafnarríkiseftirlit aðgang að tilkynningunum og Umhverfisstofnun hefur einnig fengið afrit af þeim tilkynningum sem berast í gegnum kerfið.

Umhverfisstofnun vill einnig vekja athygli á að um er að ræða nýtt fyrirkomulag. Áður en Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA) gerði athugun á fyrirkomulagi móttöku úrgangs hér á landi og innleiðingu tilskipunar 2000/59/EB bárust hvorki stofnuninni né öðrum aðilum tilkynningar um úrgang og farmleifar. Vegna þess var heldur engin eftirfylgni eða eftirlit vegna slíkra tilkynninga af hálfu stofnunarinnar, en samkvæmt athugasemdum ESA er nauðsynlegt að þessar tilkynningar séu skoðaðar og gripið til einhverra ráðstafana ef grunur leikur á að um brot á reglum um losun úrgangs sé að ræða. Umhverfisstofnun telur því ljóst að um aukið umfang vinnu er að ræða fyrir stofnunina vegna nýs verklags og mun kostnaður vegna þess verða hluti af eftirlitsgjöldum stofnunarinnar.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
sviðsstjóri


Sigrún Friðriksdóttir
sérfræðingur